

# Fjárhagsáætlun 2021

## Greinargerð sveitarstjóra lögð fram við síðari umræðu í sveitarstjórn miðvikudaginn 16. desember 2020

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2021 er hér lögð fram til seinni umræðu ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2022-2024. Fjárhagsáætlunin er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignasjóða. Í B-hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir, Tímatákn ehf og Eyvindarstaðaheiði ehf. Áætlunin sýnir rekstraráætlun, áætlaðan efnahagsreikning og sjóðsstreymi fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess. Forsendur þessarar fjárhagsáætlunar er að sýna áfram aðhald og hagkvæmni í rekstri samhliða því að standa vörð um þá þjónustu sem veitt er. Áætlunin litast jafnframt mjög af afleiðingum heimsfaraldurs kórónuveiru sem hefur og mun hafa mikil áhrif á rekstur sveitarfélaga og ríkisins á árunum 2020 og 2021 eins og þessi greinargerð ber með sér. Í því sambandi má benda á að Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 1. október sl. gerir ráð fyrir að landsframléiðsla dragist saman um 7,6% á árinu 2020 sem yrði einn mesti samdráttur á síðustu 100 árum á Íslandi.


Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021 eru þær að A- og B-hluti saman, eða samstæðan í heild sinni, skilar að þessu sinni rekstrartapi upp á 43 m.kr. og veltufé frá rekstri er áætlað 386 m.kr.

Í ljósi þessa er mikilvægt að aðhalds verði áfram gætt í rekstri sveitarfélagsins á komandi árum og tækifæri til hagræðinga nýtt eftir því sem kostur gefst. Slíkt gefur okkur færi á nauðsynlegri uppbyggingu innviða samfélagsins og auknum stuðningi við íbúa þar sem þess gerist þörf. Ávallt verður að hafa að markmiði að gæta jafnvægis í þjónustu sveitarfélagsins.

Fagnefndir sveitarfélagsins ásamt byggðarráði og starfsmönnum unnu mikið starf í undirbúningi þessarar fjárhagsáætlunar og skoðuðu alla fjárhagslega þætti í rekstri sveitarfélagsins. Halda þarf þeirri vinnu áfram og greina enn frekar rekstur einstakra málaflokka. Mikilvægt er að samvinna verði áfram eins og verið hefur meðal allra sem málið snertir í þeirri viðleitni að ná fram þeim markmiðum sem eru sett í áætluninni.

Ekki var unnt að halda sérstaka íbúafundi í aðdraganda þessarar fjárhagsáætlunar líkt og undanfarin ár sökum samkomutakmarkana en íbúum var boðið að koma sínum áherslum á framfæri varðandi þjónustu, framkvæmdir, viðhald og rekstur sveitarfélagsins í gegnum samráðsvefinn Betra Ísland. Slíkt samráð er að mínu mati mikilvægt og hjálpar okkur öllum við að móta áherslur fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 er gert ráð fyrir rekstrartapi á rekstri samstæðunnar sem og rekstri A-hluta sveitarsjóðs. Jafnframt er gert ráð fyrir að viðsnúningur verði á árinu 2022 og afgangur verði á rekstri samstæðunnar á árunum 2022-2024.



Þá er gert ráð fyrir að rekstur A-hluta komist í jafnvægi á árinu 2023 og skili afgangi á árinu 2024. Það er mikilvægt að ná slíkum viðsnúningi í rekstri sem fyrst því það er markmið hvers sveitarfélags að haga fjárhagsáætlun þannig að rekstrargjöld séu fjármögnuð.

## Helstu forsendur áætlunar:

Forsendur fjárhagsáætlunar Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2021 og þriggja ára áætlunar 2022-2024 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Þar er gert ráð fyrir að meðalverðbólga á árinu 2021 verði **2,7%** og að launavísitala verði **5,5%**.

Þá er einnig stuðst við áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga um áætlaða staðgreiðslu fyrir tekjuárið 2021. Reiknað er með lítt breyttu atvinnustigi á árinu 2021 en þjóðhagsspá Hagstofu Íslands spáir því að atvinnuleysi haldist áfram nokkuð hærra en við eigum að venjast sé litið til landsins alla út spátímann eða úr 6,8% á árinu 2021 og niður í 5,4% árið 2023. Miðað er við að útsvarshlutfall fyrir árið 2021 verði óbreytt á milli ára, þ.e. **14,52%** af útsvarsstofni, með þeirri hækkun sem kveðið er á um í lögum um tekjustofna sveitarfélaga á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að tekjur frá Jöfnunarsjóði verði samkvæmt útgefnum áætlunum hans. Samþykkt var að lækka fasteignaskattsprósentu A-skatts úr 0,5% af fasteignamati niður í 0,475% en aðrar fasteignaskattsprósentur breytast ekki á milli ára.

Gert er ráð fyrir 2,5% almennum gjaldskrárhækkunum hjá stofnunum sveitarfélagsins sem er lítillega undir áætlaðri hækkun vísitölu neysluverðs og talsvert undir áætluðum launahækkunum næsta árs.

## Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2019-2023

| <b>Tafla 1. Landsframleiðsla 2019–2023</b>   |                   |             |            |            |            |
|--|-------------------|-------------|------------|------------|------------|
| <i>Table 1. Gross domestic product 2019–2023</i>                                     |                   |             |            |            |            |
| Magnbreyting frá fyrra ári, %<br><i>Volume change from previous year, %</i>          | 2019 <sup>1</sup> | 2020        | 2021       | 2022       | 2023       |
| Einkaneysla <i>Private final consumption</i>   | 1,3               | -5,0        | 4,2        | 3,3        | 2,6        |
| Samneysla <i>Government final consumption</i>  | 4,2               | 2,8         | 1,8        | 1,9        | 1,8        |
| Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>                                  | -6,6              | -8,9        | 5,5        | 2,4        | 3,5        |
| Atvinnuvegafjárfesting <i>Business investment</i>                                    | -18,0             | -12,6       | 8,2        | 2,0        | 3,5        |
| Fjárfesting í íbúðarhúsnæði <i>Housing investment</i>                                | 31,2              | -14,4       | -1,4       | 8,7        | 3,5        |
| Fjárfesting hins opinbera <i>Public investment</i>                                   | -9,8              | 15,8        | 8,1        | -3,2       | 3,6        |
| Þjóðarútgjöld alls <i>National final expenditure</i>                                 | -0,2              | -3,6        | 3,9        | 2,8        | 2,6        |
| Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i>                   | -4,9              | -30,0       | 17,1       | 8,6        | 6,7        |
| Innflutningur vöru og þjónustu <i>Import of goods and services</i>                   | -10,2             | -23,2       | 17,4       | 7,9        | 6,6        |
| <b>Verg landsframleiðsla <i>Gross domestic product</i></b>                           | <b>1,9</b>        | <b>-7,6</b> | <b>3,9</b> | <b>3,1</b> | <b>2,6</b> |
| Vöru- og þjónustujöfnuður (% af VLF)<br><i>Goods and services balance (% of GDP)</i> | 4,9               | 0,7         | 0,7        | 0,9        | 1,1        |
| Viðskiptajöfnuður (% af VLF)<br><i>Current account balance (% of GDP)</i>            | 6,0               | 1,8         | 1,0        | 1,3        | 1,4        |
| VLF á verðlagi hvers árs, ma. kr. <i>Nominal GDP, billion ISK</i>                    | 2.970             | 2.854       | 3.068      | 3.252      | 3.436      |
| Visitale neysluverðs <i>Consumer price index</i>                                     | 3,0               | 2,8         | 2,7        | 2,6        | 2,5        |
| Gengisvísitala <i>Exchange rate index</i>  | 8,6               | 11,6        | -1,1       | -0,5       | 0,0        |
| Raungengi <i>Real exchange rate</i>  | -6,7              | -8,5        | 2,6        | 1,1        | 0,5        |
| Atvinnuleysi (% af vinnuafli)<br><i>Unemployment rate (% of labour force)</i>        | 3,6               | 7,8         | 6,8        | 6,2        | 5,4        |
| Kaupmáttur launa <i>Real wage rate index</i>   | 1,8               | 3,0         | 2,8        | 2,6        | 1,6        |

Heimild: Hagstofa Íslands

## Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011


Ein meginforsenda fjárhagaáætlana sveitarfélaga er að þær skuli unnar með hliðsjón af fjármálareglum og fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga sem sett voru í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og með síðari breytingum, en þau tóku gildi í upphafi árs 2012. Í 64. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Til að fullnægja þessari skyldu er sveitarfélögum gert að fylgja eftirfarandi fjármálareglum:

- 1) **Jafnvægisregla:** Samanlögð heildarútgjöld samstæðu séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
- 2) **Skuldaregla:** Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Við útreikning á skuldahlutfalli má undanskilja tekjur og skuldbindingar veitu- og orkufyrirtækja sem og að heimilt er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindingar.

Þann 31. mars síðast liðinn var þessum ákvæðum þó vikið til hliðar fyrir árin 2020-2022 sem hluti af aðgerðum til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19.

Hjá Sveitarfélaginu Skagafirði er skuldahlutfall heildarskulda og skuldbindinga áætlað 103% á árinu 2021 sem er lækkun frá áætlun ársins 2020. Þegar búið er að undanskilja það sem heimilt er frá skuldum og skuldbindingum er skuldaviðmiðið 82% sem er einnig lækkun frá áætlun ársins 2020.

|                                   | A- og B-hluti  |                |                |                |                |
|-----------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
|                                   | Áætlun<br>2020 | Áætlun<br>2021 | Áætlun<br>2022 | Áætlun<br>2023 | Áætlun<br>2024 |
| <b>Tekjur:</b>                    |                |                |                |                |                |
| Skatttekjur                       | 2.863.168      | 3.091.424      | 3.209.010      | 3.337.370      | 3.470.865      |
| Framlög Jöfnunarsjóðs             | 1.540.134      | 1.559.901      | 1.740.088      | 1.809.692      | 1.882.079      |
| Aðrar tekjur                      | 1.645.104      | 2.726.739      | 2.137.660      | 2.241.051      | 2.295.680      |
| Heildartekjur                     | 6.048.406      | 7.378.064      | 7.086.757      | 7.388.113      | 7.648.624      |
| <b>Skuldir og skuldbindingar:</b> |                |                |                |                |                |
| Skuldir og skuldbindingar         | 7.071.737      | 7.602.843      | 7.812.526      | 7.946.104      | 7.961.479      |
| Lífeyrisskuldbinding              | 1.218.692      | 1.338.802      | 1.431.986      | 1.528.898      | 1.629.509      |
| <b>Skuldahlutfall:</b>            | 116,90%        | 103,05%        | 110,24%        | 107,55%        | 104,09%        |
| <b>Skuldaviðmiðið:</b>            | 91,20%         | 82,31%         | 88,47%         | 86,24%         | 82,36%         |



# Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021

## Rekstur:

Áætlun ársins 2021 gerir ráð fyrir að rekstrartekjur Sveitarfélagsins Skagafjarðar nemi **7.378 m.kr.** hjá samstæðunni í heild, A- og B-hluta, þar af eru rekstrartekjur A hluta áætlaðar **6.407 m.kr.** Rekstrargjöld án fjármagnsliða eru áætluð **7.201 m.kr.**, þar af A-hluti **6.381 m.kr.** Rekstrarhagnaður (EBITDA) A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er áætlaður **430 m.kr.** eða 5,8%. Afskriftir nema **253 m.kr.** og fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **220 m.kr.** Rekstrarhalli samstæðunnar í heild A- og B-hluta er áætlaður samtals **43 m.kr.**

Rekstrarhagnaður A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er áætlaður **179 m.kr.** Afskriftir nema **154 m.kr.** Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **176 m.kr.** Rekstrarniðurstaða A-hluta sveitarsjóðs er því áætluð neikvæð um **151 m.kr.**

Eins og sjá má af þessum tölum er rekstur sveitarfélagsins krefjandi um þessar mundir enda aðstæður allar mjög óvenjulegar í heimsfaraldri af völdum Covid-19 veirunnar. Í fjárhagsáætlun ársins 2021 hefur verið lögð áhersla á ýta ekki undir áhrif niðursveiflunnar með niðurskurði á mikilvægri þjónustu eða uppsögnum starfsmanna. Ljóst er þó að gæta þarf vel að rekstrinum á komandi árum og draga sem kostur er úr þeim kostnaði sem unnt er til að ná nauðsynlegu langtímaþvægi.

## Efnahagur:

Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar eru áætlaðar í árslok 2021, **10.635 m.kr.**, þar af eru eignir A-hluta **7.630 m.kr.** Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar í árslok **7.603 m.kr.** Þar af hjá A-hluta **6.068 m.kr.** Eigið fé er áætlað **3.033 m.kr.** hjá samstæðunni og eiginfjárlutfall **28,51%**. Eigið fé A-hluta er áætlað **1.562 m.kr.** og eiginfjárlutfall **20,47%**. Ný lántaka er áætluð **800 m.kr.** hjá samstæðunni í heild og afborganir eldri lána og skuldbindinga verða **489 m.kr.** Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar eru **1.279 m.kr.** hjá samstæðu og þar af **1.167 m.kr.** hjá A-hluta.

## Sjóðsstreymisfirlit:

Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri A-hluta verði um **150 m.kr.** 7378 frá rekstri samstæðunnar A- og B-hluta verði samtals **386 m.kr.** Þá er gert er ráð fyrir að handbært fé samstæðunnar í árslok verði **251 m.kr.**

Gert ráð fyrir að sveitarsjóður og undirfyrirtæki fjárfesti á árinu 2021 fyrir **820 m.kr.** brúttó eða **592 m.kr.** nettó ef frá eru talin framlög frá ríki vegna hlutdeildar í grjótvörn við Hofsóshöfn og Menningarsetri Skagfirðinga í Varmahlíð, vegna hönnunar og framkvæmda við Varmahlíðarskóla. Er um að ræða talsverða aukningu fjárfestinga á milli ára. Stærsta fjárfestingaverkefnið á næsta ári er framhald framkvæmda við Sundlaug Sauðárkróks, þ.e. upphaf framkvæmda við seinni áfanga laugarinnar. Aðrar stórar fjárfestingar eru borun hitaholu í Varmahlíð og tengdar framkvæmdir, hönnun og upphaf endurgerðar Varmahlíðarskóla, lok framkvæmda við nýjan leikskóla á Hofsósi, lóðaframkvæmdir honum tengdar og fullnaðarhönnun nýs ípróttahúss á Hofsósi, grjótvörn við höfnina í Hofsósi, hönnun

og viðbygging við leikskólann Ársali á Sauðárkróki, og hönnun og útboðsgögn við menningarhús á Sauðárkróki. Þá verður ráðist í upphaf gatnagerðarframkvæmda við nýja götu á Sauðárkróki – Nestún.

Með auknum fjárfestingum á árinu 2021 styður Sveitarfélagið Skagafjörður við úrræði sem ríkisvaldið og Seðlabanki Íslands hafa lagt áherslu á með tilliti til þjóðhagslegra hagsmuna í núverandi efnahagsástandi. Auknar fjárfestingar styðja við áframhaldandi gott atvinnustig í sveitarfélaginu og er jafnframt horft til þess að fjárfestingar næsta árs styrki innviði samfélagsins og stuðli að áframhaldandi eflingu þess og fjölgun íbúa.


## Þróun tekna:

Undanfarin ár hafa tekjur hjá sveitarfélaginu ekki haldið í við verðlagshækkunar að öllu leiti og liggur það fyrst og fremst í lækkuðum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árum áður, þótt það hafi heldur lagast síðari árin, utan málefna fatlaðs fólks. Á árinu 2021 er gert ráð fyrir lægri tekjum Jöfnunarsjóðs en árið 2020. Aðrar skatttekjur hafa aftur á móti haldið nokkuð í við verðlag.

## Skatttekjur 2011–2021



## Framlög Jöfnunarsjóðs 2011–2021 (án framlaga vegna málefna fatlaðra)



## Almenn útgjöld

### Launakostnaður

Launakostnaður er áætlaður samtals **3.814 m.kr.** á árinu 2021 og er það um 11,9% hækkun frá áætlun ársins 2020.

Á árinu 2021 er gert ráð fyrir að afborganir vegna lífeyrisskuldbindinga nemi **59 m.kr.** og hækkun skuldbindinganna verði **90 m.kr.** frá árinu 2020.

### Rekstur málaflokka:

Eins og áður taka fræðslu- og uppeldismálin til sín langstærstan hluta skatttekna í áætlun ársins. Málaflokkurinn tekur til sín umtalsvert herra hlutfall á árinu 2021 en á yfirstandandi ári eða **48,6%**, en var með **43,1%** í áætlun ársins 2020. Má segja að hlutfall málaflokksins sé að nálgast það sem var á árunum 2017 og fyrr þegar málaflokkurinn tók iðulega til sín um helming af skatttekjum hvers árs. Hlutfallið lækkaði verulega árin 2018-2020 en þess ber jafnframt að geta að hluti skýringar á þeirri hlutfallslækkun er að frá og með árinu 2017 hafa tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks verið taldar með skatttekjum. Áður voru þessi framlög tekjufærð innan málaflokks 02-félagsmál. Hefur þessi breyting áhrif á allan samanburð þegar verið er að skoða hlutfall rekstrarkostnaðar af skatttekjum sbr. í töflunni hér á eftir. Jafnframt er rétt að hafa í huga að hlutfallsprósentan breytist eftir því hvort aðalsjóður skilar

afgangi eða er rekinn í halla. Ekki er samt hægt að líta framhjá hlutfallshækkun á milli ára sem endurspeglast ekki síst í mikilli hækkun launa í málaflokksnum.

Hlutfall félagsþjónustu eykst einnig á milli ára sem og hlutfall æskulýðs- og íþróttamála. Líkt og í fræðsluþjónustu vega launahækkarnir þar mest.

Í fjárhagsáætlun ársins 2021 er gert ráð fyrir að samstarf sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um sameiginlegt þjónustusvæði um þjónustu við fatlað fólk haldi áfram. Í samstarfinu felst að Sveitarfélagið Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag sem veitir fötluðu fólki, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, þjónustu eins og nánar er kveðið um í samningi og samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, á starfssvæðinu. Þetta þýðir að allar tekjur frá Jöfnunarsjóði sem ætlaðar eru til þessa málaflokks sem og 0,25% af útsvarsstofni sveitarfélaga á svæðinu, renna til Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Því miður er ekki gert ráð fyrir að tekjur frá ríki og sveitarfélögum dekki allan kostnað við samninginn sem aftur leiðir til þess að útgjöld við málaflokkinn hækka.

Kostnaður annarra málaflokka sem hlutfall af skatttekjum breytist ekki mikið á milli ára.



| Rekstur málaflokka             |                   |                   |                    |                   |       |
|--------------------------------|-------------------|-------------------|--------------------|-------------------|-------|
| <b>Aðalsjóður:</b>             |                   |                   |                    |                   |       |
| Skatttekjur                    | -4.651.325        |                   |                    | <b>-4.651.325</b> |       |
|                                | <b>Tekjur</b>     | <b>Launaliðir</b> | <b>Aðrir liðir</b> |                   |       |
| Félagsþjónusta                 | -186.182          | 761.227           | 406.395            | <b>981.440</b>    | 21,1% |
| Heilbrigðismál                 |                   |                   | 9.310              | <b>9.310</b>      | 0,2%  |
| Fræðslu- og uppeldismál        | -331.070          | 1.862.161         | 730.925            | <b>2.262.017</b>  | 48,6% |
| Menningarmál                   | -56.731           | 119.837           | 140.656            | <b>203.762</b>    | 4,4%  |
| Æskulýðs- og íþróttamál        | -135.182          | 237.173           | 409.627            | <b>511.617</b>    | 11,0% |
| Brunamál og almannavarnir      | -47.136           | 105.172           | 46.208             | <b>104.244</b>    | 2,2%  |
| Hreinlætismál                  | -86.661           |                   | 132.783            | <b>46.122</b>     | 1,0%  |
| Skipulags- og byggingamál      | -7.980            | 41.723            | 37.454             | <b>71.197</b>     | 1,5%  |
| Umferðar- og samgöngumál       | 0                 | 707               | 138.670            | <b>139.377</b>    | 3,0%  |
| Umhverfismál                   | -5.826            | 50.649            | 58.733             | <b>103.556</b>    | 2,2%  |
| Atvinnumál                     | -15.448           | 41.490            | 75.262             | <b>101.304</b>    | 2,2%  |
| Sameiginlegur kostnaður        | -48.230           | 195.340           | 155.475            | <b>302.586</b>    | 6,5%  |
| Lífeyrisskuldbinding           |                   | 77.800            |                    | <b>77.800</b>     | 1,7%  |
| Óvenjurlegir liðir             |                   | 0                 |                    | <b>0</b>          | 0,0%  |
| Fjármagnsliðir                 | -11.969           |                   | -26.830            | <b>-38.799</b>    | -0,8% |
|                                | <b>-5.583.740</b> | <b>3.493.280</b>  | <b>2.314.668</b>   | <b>224.208</b>    |       |
| <b>Aðrir sjóðir í A-hluta:</b> |                   |                   |                    |                   |       |
|                                | <b>Tekjur</b>     | <b>Launaliðir</b> | <b>Aðrir liðir</b> |                   |       |
| Eignasjóður                    | -823.768          | 90.286            | 659.839            | <b>-73.642</b>    |       |
| Millifærslur                   | 945.476           |                   | -945.476           |                   |       |
|                                | <b>121.708</b>    | <b>90.286</b>     | <b>-285.637</b>    | <b>-73.642</b>    |       |
|                                |                   |                   |                    |                   |       |
| <b>Sveitarsjóður A-hluti</b>   | <b>-5.462.032</b> | <b>3.583.566</b>  | <b>2.029.031</b>   | <b>150.565</b>    |       |
|                                |                   |                   |                    |                   |       |
| <b>Sjóðir í B-hluta</b>        |                   |                   |                    |                   |       |
|                                | <b>Tekjur</b>     | <b>Launaliðir</b> | <b>Aðrir liðir</b> |                   |       |
| Félagsíbúðir Skagafjarðar      | -85.236           |                   | 63.707             | <b>-21.529</b>    |       |
| Fráveita                       | -118.500          | 14.427            | 45.426             | <b>-58.647</b>    |       |
| Hafnarsjóður Skagafjarðar      | -161.646          | 57.985            | 76.230             | <b>-27.431</b>    |       |
| Tímatákn ehf.                  | -7.000            |                   | 6.615              | <b>-385</b>       |       |
| Hitaveita                      | -487.668          | 156.365           | 353.866            | <b>22.563</b>     |       |
| Vatnsveita                     | -107.165          | 1.200             | 82.905             | <b>-23.060</b>    |       |
| Sjóveita                       | -1.049            |                   | 2.552              | <b>1.503</b>      |       |
| Eyvindarstaðaheiði ehf         | -2.464            | 520               | 1.405              | <b>-539</b>       |       |
| Millifærslur                   | 119.053           |                   | -119.053           | <b>0</b>          |       |
| <b>Samtals B-hluti</b>         | <b>-851.675</b>   | <b>230.497</b>    | <b>513.653</b>     | <b>-107.525</b>   |       |
|                                |                   |                   |                    |                   |       |
| <b>Samantekið A + B hluti</b>  | <b>-6.313.706</b> | <b>3.814.063</b>  | <b>2.542.683</b>   | <b>43.040</b>     |       |

## Þróun málaflokka sem hlutfall af skatttekjum:

| Málaflokkar       | 2010  | 2011  | 2012   | 2013   | 2014  | 2015  | 2016  | 2017  | 2018  | 2019  | 2020  | 2021  |
|-------------------|-------|-------|--------|--------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Félagsmál         | 5,6%  | 6,1%  | 6,40%  | 6,60%  | 6,7%  | 6,8%  | 7,0%  | 16,9% | 18,8% | 19,1% | 20,0% | 21,1% |
| Heilbr.mál        | 0,6%  | 0,6%  | 0,60%  | 0,00%  | 0,0%  | 0,0%  | 0,2%  | 0,2%  | 0,2%  | 0,2%  | 0,2%  | 0,2%  |
| Fræðslumál        | 57,9% | 61,8% | 61,60% | 57,50% | 55,2% | 57,0% | 57,7% | 50,9% | 47,3% | 44,3% | 43,1% | 48,6% |
| Menn.mál          | 5,5%  | 5,4%  | 5,60%  | 5,60%  | 5,2%  | 5,7%  | 5,1%  | 4,6%  | 4,3%  | 4,2%  | 4,1%  | 4,4%  |
| Æskul. og íþr.mál | 12,4% | 12,2% | 12,10% | 11,40% | 11,8% | 11,3% | 11,4% | 9,9%  | 9,5%  | 9,4%  | 9,6%  | 11,0% |
| Brunamál          | 2,4%  | 2,3%  | 2,80%  | 2,60%  | 2,3%  | 2,3%  | 2,5%  | 1,9%  | 1,9%  | 2,0%  | 2,0%  | 2,2%  |
| Hreinl.mál        | 1,1%  | 1,1%  | 1,30%  | 1,60%  | 1,9%  | 1,7%  | 1,3%  | 1,1%  | 1,1%  | 1,2%  | 1,1%  | 1,0%  |
| Skipul.mál        | 2,0%  | 2,1%  | 1,90%  | 2,00%  | 1,8%  | 1,7%  | 1,6%  | 1,6%  | 1,7%  | 1,6%  | 1,8%  | 1,5%  |
| Umf. og samg.mál  | 2,8%  | 2,5%  | 2,50%  | 2,50%  | 2,6%  | 2,8%  | 2,8%  | 2,6%  | 2,7%  | 2,6%  | 2,6%  | 3,0%  |
| Umhv.mál          | 2,4%  | 2,5%  | 2,50%  | 2,40%  | 2,5%  | 2,6%  | 2,7%  | 2,3%  | 2,1%  | 1,9%  | 1,9%  | 2,2%  |
| Atvinnumál        | 2,1%  | 1,8%  | 2,20%  | 1,90%  | 1,9%  | 2,1%  | 2,3%  | 2,0%  | 2,0%  | 2,2%  | 2,5%  | 2,2%  |
| Sam.kostnaður     | 8,8%  | 7,7%  | 9,40%  | 8,60%  | 9,2%  | 7,7%  | 8,0%  | 6,3%  | 6,5%  | 6,3%  | 6,4%  | 6,5%  |

\* Frá og með árinu 2017 hafa tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks verið taldar með skatttekjum. Áður voru þessi framlög tekjufærð innan málaflokks 02-félagsmál. Hefur þessi breyting áhrif á allan samanburð þegar verið er að skoða hlutfall rekstrarkostnaðar af skatttekjum.

## Fjárfestingar og framkvæmdir:

Áætlað er að fara í nýframkvæmdir á árinu 2021 fyrir ríflega **820 m.kr.** Ef dregin eru frá framlög frá ríkisvaldinu vegna hlutdeildar þess í grjótvörn við Hofsóshöfn og framlög frá Menningarsetri Skagfirðinga í Varmahlíð vegna hönnunar og framkvæmda við Varmahlíðarskóla, nemur nettó fjárhæð til fjárfestinga á árinu 2021 ríflega **592 m.kr.** sem er hækkun um ríflega 161 m.kr. frá áætlun ársins 2020. Skiptast þær þannig að áætlað er að framkvæmt verði hjá eignasjóði fyrir **437 m.kr.**, hafnarsjóði fyrir **23 m.kr.** og hjá veitum fyrir **125 m.kr.** Gert er ráð fyrir sölu eigna að upphæð **kr. 58 m.kr.**

| Fjárfestingar og framkvæmdir:            |                |
|--|----------------|
| Eignasjóður                              | 437.300        |
| Hafnarsjóður                             | 22.500         |
| Skagafjarðarveitur                       | 125.000        |
| <b>Fjárfestingar og framkvæmdir alls</b> | <b>592.300</b> |

Auk fyrrgreindra fjárfestinga er gert er ráð fyrir að verja rekstrarmegin um **101 m.kr.** í viðhald eigna Eignasjóðs sem er ríflega 16 m.kr. hærrí fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

Að lokum er rétt að nefna það að íbúapróun hefur verið sveitarfélaginu hagfelld á undanförunum árum og má í þeim efnum geta fréttar á heimasíðu Þjóðskrár Íslands frá 2. desember sl. en þar kemur fram að íbúum sveitarfélagsins fjölgaði um 47 frá 1. desember 2018 til 1. desember 2019 og aftur um 54 frá þeim tíma til 1. desember 2020. Íbúum sveitarfélagsins hefur því fjölgað um 101 sl. tvö ár og er það trú mín að sú þróun haldi áfram beri okkur gæfa til að vinna áfram að skynsamlegri uppbyggingu innviða samfélagsins.

Greinargerð þessi er sett fram til glöggvunar við yfirferð fjárhagsáætlunar. Ég vil í lok hennar færa samstarfsfólki mínu og þá sér í lagi sviðsstjóra fjármála -og stjórnsýslusviðs, ásamt

sviðsstjórum, öðrum starfsmönnum, kjörnum fulltrúum, fagnefndum og byggðarráði, kærar þakkir fyrir gott samstarf við þá vinnu sem að baki er, sem hefur lagt grunninn að fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar næstu árin.

Sauðárkróki 16. desember 2020

Sigfús Ingi Sigfússon,  
sveitarstjóri